



Sigrún Ólaf Einarsson og Helga Björg Grétudóttir.

ar:

# n, Jó- og Björg

## skóla Reykjavíkur

björnsson o. fl. Guðrún Oskarsdóttir leikur með á píano. Kennari Jóhann er Einar Jóhannsson.

Þriðju og síðustu tónleikarnir verða í sal skólans mánudaginn 13. maí kl. 18.00. Þar syngur Helga Björg Grétudóttir messó-sópran við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur lög eftir Atla Heimi Sveinsson, Brahms, Sibelius o. fl. Kennari Helgu er Sieglínde Kahmann Björnsson.

Aðgangur að tónleikum þessum er ókeypis.

## Glerbrot 85


### Níu íslenskir glerlistarmenn sýna á Kjarvalsstöðum

Laugardaginn 11. maí kl. 14.00 verður opnuð á Kjarvalsstöðum samsýning níu íslenskra listamanna sem allir eiga það sameiginlegt að vinna með gler. En að því samkenni slepptu eru verk þeirra býsna frábrugðin og eins er um aðferðir og úrvinnslu; sýndar eru höggmyndir, umhverfisverk, glersteint gler o.fl. Sýningin verður opin daglega frá kl. 14—22 og henni lýkur 27. maí.

Þetta er í fyrsta skipti sem hópur íslenskra glerlistarmanna kemur saman á sýningu og gefst því tækifæri á að kynna fjölbreyttri notkun og meðferð glersins en hvað menntun snertir og bakgrunn má segja að listamennirnir komi hver úr sinni áttinni. Meðal annars hafa þeir lært í Bretlandi, Ítalíu, Svíþjóð, Bandaríkjunum, Þýskalandi og víðar. Í hópunum sem myndar sýninguna Glerbrot 85 eru þau Brynhildur Þorgeirsdóttir, Leifur Breiðfjörð, Lísbet Sveinsdóttir, Pía Rakel

Sverrisdóttir, Rúrí, Sigríður Ásgeirsdóttir, Sigrún Ólaf Einarsson, Steinunn Þórarinsdóttir og Sören Staunsager Larsen. Af tilefni sýningarinnar er gefinn

út bæklingur með litmyndum og svart-hvítum myndum, þar sem listamennirnir eru kynntir og eiga stuttan orðastað við Aðalstein Ingólfsson listfræðing.



## Lúðrasveit Reykjavíkur

### — ferðast um Suðurlandsundirlendi um helgina

Nú um helgina mun Lúðrasveit Reykjavíkur fara í fyrstu vorferð þessa starfsárs. Ferðinni er heitið um undirlendi Suðurlands en hápunktur ferðarinnar eru hlómleikar á Hvolsvelli á laugardag kl. 21.00. Efnisskráin er mjög fjölbreytt og ætlu allir að geta haft skemmtun af.

Lúðrasveit Reykjavíkur verður 63 ára í júlí nk. og stendur því á gömlum og traustum merg. Stjórnandi hennar nú er Stefán Þ. Stephensen.

Ráðgert er að leika á nokkrum stöðum á heimleiðinni seinni hluta sunnudagsins og fer það nokkuð eftir veðri hvar og hvenær. Íbúar í þéttbýli Suðurlands geta því átt von á uppákomu um helgina.

## Píanóleikarinn Dag Achatz með fimm tónleika

Dagana 11.—18. maí mun píanóleikarinn Dag Achatz dvelja hér á landi á vegum Tónlistarfélagins í Reykjavík. Dag Achatz er af sænskum og austurrískum ættum, fæddur í Stokkhólmum og voru foreldrar hans báðir tónlistarmenn.

Dag Achatz hefur fetað í fótspor Liszts með því að setja út fyrir einleikspíanó stór hljómveitarverk og eru tvö þeirra á efnisskrá hans hér á landi. Efnisskráin ber yfirskriftina Dansar og ballett. Á henni eru 4 mazúrkar eftir Chopin, 4 prelúdir eftir Debussy, Vorblót eftir Stravinsky og Eldfuglinn eftir Stravinsky, en hið síðastnefnda útsetti

Achatz í samvinnu við son Stravinskys, Soulima Stravinsky.

Dag Achatz mun halda tónleika á Ísafirði laugardaginn 11. maí á vegum tónlistarfélagins þar.

Á Flateyri sunnudaginn 12. maí á vegum leikfélagsins.

Á Sauðárkróki mánudaginn 13. maí á vegum tónlistarfélagins og tónlistarskólans en þeir tónleikar eru haldnir í tilefni af 20 ára afmæli Tónlistarskólans á Sauðárkróki.

Á Akureyri þriðjudaginn 14. maí á vegum tónlistarskólans.

Tónleikar hans í Reykjavík verða haldnir föstudaginn 17. maí í Austurbæjarbíói og hefjast þeir kl. 21.00.

### Hvítasunnuféðir Útivistar:

24.—27. maí

1. Þórmörk. Gönguferðir, kvöldvök-ur. Góð gístaðstaða í Útivistarskálunum Bäum. Fararstjóri: Lovisa Christiansen.

2. Snæfellsnes—Snæfellsjökull. Gist að Lýsuhóli. Sundlaug, heitur pottur. Léttar strandgöngur eða fjallgöngur. Sigling um Breiðafjarðareyjar.

3. Purkey—Breiðafjarðareyjar. Náttúruparadís á Breiðafirði.

4. Skaftafell—Vatnajökull (snjóbil-ferð). Gönguferðir í þjóðgarðinum. Tjaldað í Skaftafelli.

5. Skaftafell—Óræfajökull. Tjaldað í Skaftafelli.

6. Króksfjörður—Reykholar—Gufudalssveit. Ný ferð. Gist í svefnoka-plássi að Bæ. Uppl. og farmíðar á skrifst. Lækjarg. 6a, símar: 14606 og 23732.

Útivistardagur fjölskyldunnar á sunnudaginn 12. maí:

Kl. 10.30 Marardalur—Hengill. Kl. 13. Gömul þjóðleik: Helligheidi—Draugatjörn (kakó, kex). Frítt f. börn m. fullorðnum. Brottför frá BSI, vest-anverðu. Boðið upp á kakó og kex í lok ferðar. Tilvalin fjölskylduferð.

Tindfjöll—Tindfjallajökull um næstu helgi.

Fuglaskoðun og kvöldganga á Alftanesi miðvikud. 15. maí.

Garðskagi—Sandgerði—Hvalnes, fuglaskoðunarferð fimmtud. 16. maí. Fararstjóri: Arni Waag.

### Ferðafélag Íslands

Dagsferðir sunnudag 12. maí:

1. kl. 10. Fuglaskoðun á Suðurnesjum og víðar. Fararstjórar: Grétar Eiríksson og fleiri kynnir áhugamenn um fugla. Þátttakendur fá afhenta skrá með nöfnum þeirra fugla sem sést hafa frá ári til árs. Merkt er við nöfn

þeirra fugla sem sjást í ár og nýjum bætt á listann. Æskilegt að hafa sjónauka og fuglabók AB meðferðis. Verð kr. 400.

2. kl. 13. Helgafell (sunnan Hafnarfjarðar). Létt ganga. Verð kr. 250.00. Brottför frá Umferðarmíðstöðinni, austanmegin. Farmíðar við bíl. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna. ATH.: 16. maí — Ókuferð um söguslóðir Njálu — brottför kl. 09.

## Tilkynningar

### Hreinsunardagur 1985

Laugardaginn 11. maí gengst Framfarafélag Seláss- og Arbæjarhverfis fyrir almennum hreinsunardegi í hverfunum.

Ruslapokar verða afhentir ókeypis í Árseli frá kl. 10.00—14.00.

Skorað er á fólk að taka vel til á löðunum og einnig skal bent á möguleika að losa sig við smáhluti úr geymslum ef með þarf.

Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar tekur ruslapokana á laugardag kl. 13.00—18.00 og takist ekki að ná öllum pokunum verður afgangurinn tekinn á mánudag.

Reykjavíkurborg mun láta hreinsa götur og gangstíga jafnhliða framtaki íbúa hverfanna en æskilegt er að íbúar hreinsi almenn svæði í nágrenni húsa sinna.

Höldum hverfinu okkar hreinu. Margar hendur vinna létt verk.

### Erindi um skyggngifágu í Fríkirkjunni

Jeanne de Murashkin, stofnandi Norræna heilunarskólans heldur tvö erindi í Fríkirkjunni 13. og 14. maí kl. 20.00.

Fyrri erindið fjallar um Hærrí og

lægri skyggngifágu en það síðara um Vitundarbyltingu á Vatnsberaöld.

Erindin verða túlkðu.

Jeanne de Murashkin stofnaði Norræna heilunarskólann í Kaupmannahöfn árið 1979 og eru nú reknir 4 slíkir skólar í Danmörku, einn í Finnlandi, einn í Austurálfum, þar sem Jeanne starfar nú og hér á landi hefur heilunarskóli verið starfræktur síðan í janúar sl.

### Bóka- og myndlistarsýning opnuð í MÍR-salnum

Laugardaginn 11. maí, kl. 16, verður opnuð sýning á bókum, plakötum, frímerkjum og hljómplötum í húsa-kynnum MÍR, Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, að Vatnsstíg 10. Á sýningunni eru um 400 bækur, á rússnesku og ensku, gefnar út af sovéskum útgáfufyrirtækjum á síðustu árum, m.a. fjöldi listaverka-bóka, skáldverk, fræðirit, barnabækur o.s.frv.

Sýningin verður opin í maí, á virkum dögum kl. 17—19 og um helgar kl. 14—19. Á sama tíma og sama stað er opin sýningin Myndlist frá Rússlandi, sem opnuð var laugardaginn 4. maí. Á þeirri sýningu eru 62 grafíkmyndir eftir 20 rússneska listamenn og 27 handmálaðir lakkmunir. Aðgangur að sýningunum að Vatnsstíg er öllum heimill ókeypis.

### Halldis Moren Vesaas les ljóð í Norræna húsinu

Sunnudaginn 12. maí verður góður gestur á ferðinni í Norræna húsinu. Norska skáldið og rithöfundurinn Halldis Moren Vesaas les úr ljóðum sínum og segir frá eiginmanni sínum Tarjei Vesaas. Dagskráin hefst kl. 20.30 á sunnudagskvöld og allir eru velkomnir.



Halldis Moren Vesaas fæddist árið 1907 í Trysil. Árið 1929 kom fyrsta ljóðabók hennar út. Halldis Moren Vesaas hefur einnig ritað barnabækur, ævisögu föður síns, rithöfundarins Sven Moren, auk bóka um líf þeirra hjóna saman.

Á sunnudagskvöldið verður einnig flutt nýtt tónverk eftir Jón Nordal. Verk þetta nefnist RISTUR og var það frumflutt á tónleikum Musica Nova í Norræna húsinu 5. maí síðastliðinn. Flytjendur eru Sigurður I. Snorrason klarinettuleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari.

### Frá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík og nágrenni

Síðasti danstíminn á þessum vetri verður í Félagsmiðstöð ÍFR Hátúni 12, laugard. 11. maí kl. 14.30. Danskennari er Dagný Björk Þjertursdóttir. Mætið vel. Nefndin.

### Hvað er á seyði um helgina?

#### Aðalfundur Húnavetningafélagsins í Reykjavík

verður haldinn sunnudaginn 12. maí kl. 15 í húsi félagsins að Skeifunni 17, 3 hæð. Venjuleg aðalfundarstörf, laga breytingar. Nýir félagar sérstaklega boðnir velkomnir.


#### Kvenfélag Fríkirkjunnar í Reykjavík

býður öldruðu safnaðarfólki eftir messu sunnudaginn 12. maí í kaffi í Oddfellowhúsinu.



#### Kaffisala Eyjakvænna

Kvenfélagið Heimaey heldur sína árlegu kaffisölu sunnudaginn 12. maí á Hótel Sögu. Vestmannaeyingar og gestir hjartanlega velkomnir. Ágóðinn rennur til líknarmála.



#### Félagið Fimir fatur

heldur dansæfingu í Hreyfilshúsinu sunnudaginn 12. maí kl. 21. Tilvalið tækifæri til að æfa samkvæmis- og gömlu dansana. Allir velkomnir.

#### Kvennahúsið, Hótel Vík

Laugardagsmætur og kaffi kl. 13. Listsköpun. Hrafnhildur Schram ræðir um listsköpun kvenna.

#### Flóamarkaður kvenfélags Karlaðs Reykjavíkur

Hinn árlegi flóamarkaður verður haldinn að Freyjugötu 14 A laugardaginn 11. maí kl. 14. Mikíð af göðum munum og kökum.

#### Kaffisala kvennadeildar Borgfirðingafélagsins

Kvennadeild Borgfirðingafélagsins hefur sína árlegu kaffisölu og skyndihappdrætti ásamt ódýrum lukkupokum sunnudaginn 12. maí nk. í Domus Medica. Húsið verður opnað kl. 14.30.



PÓNÍK OG EINAR OG DANSBAND ÖNNU VILHJÁLMS. FÖSTUDAGS- OG LAUGARDAGSKVÖLD. KVÖLDVERÐUR KL. 8—10. HÚSIÐ OPIÐ TIL KL. 3.